



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leikskólinn Holt

2026 – 2027



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



## Efnisyfirlit

1.	Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2.	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 .....	4
3.	Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	5
4.	Starfsþróunarsamtöl.....	9
5.	Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans .....	9
6.	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	9
7.	Foreldrasamstarf .....	10
8.	Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	10
9.	Þróunarverkefni.....	11
10.	Fylgiskjöl: .....	12
10.1	<b>Innra mat – Hóll 2025-2026.....</b>	<b>12</b>
10.2	<b>Innra mat - Bakki 2025-2026 .....</b>	<b>13</b>
10.3	<b>Innra mat – Sel 2025-2026 .....</b>	<b>14</b>
10.4	<b>Innra mat – Stóra-Fell 2025-2026 .....</b>	<b>15</b>
10.5	<b>Innra mat – Litla-Fell 2025-2026 .....</b>	<b>16</b>
10.6	<b>Innra mat – Berg 2025-2026.....</b>	<b>17</b>
10.7	<b>Innra mat – sérkennsla.....</b>	<b>18</b>
10.8	<b>Innra mat - málörvun og fjölmennning.....</b>	<b>19</b>
10.9	<b>Umbótaáætlun deilda í Stóra-Holti (Hóll, Bakki, Sel) 2026-2027 .....</b>	<b>21</b>
10.10	<b>Umbótaáætlun deilda í Litla-Holti (S-Fell, L-Fell, Berg) 2026-2027 .....</b>	<b>23</b>
10.11	<b>Tímarammi 2026-2027 – samstarf leikskóla og grunnskóla .....</b>	<b>27</b>
10.12	<b>Leikskóladagatal Holts 2026-2027 .....</b>	<b>28</b>
10.13	<b>Umsögn foreldraráðs .....</b>	<b>30</b>





## 1. Greinargerð leikskólastjóra

Við fengum fækkun á heildarfjölda barna þennan veturinn vegna mikillar sérkennslu og var því fjöldinn festur í 86 börn. Aðlögun barna gekk vel en tók tíma og ekki var búið að fylla skólann fyrr en í byrjun mars 2026. Mikil hreyfing á barnahópnum og börn að tynast inn allan veturinn. Það er alltaf áskorun að ná ekki góðum stöðugleika í hópinn strax í byrjun vetrar.

Starfsmannafjöldinn jókst einnig við þessa aukningu í sérkennslu og þá fór nú að reyna að skort á aðstöðu í húsunum. Lítið sem ekkert pláss fyrir undirbúning eða fundi með foreldrum og sérfræðingum. Og salernisaðstaða fyrir starfsfólk og gesti alls ekki nægjanleg.

Það var óvenjumikið um langtímaveikindi í starfsmannahópnum sem er alltaf krefjandi og því var starfsmannaveltan meiri en venjulega. Og alls ekki hlaupið að því að fá gott fólk til starfa, síður en svo. Umsóknirnar því oft litlar sem engar eða stóðust ekki kröfur. En við fengum frábæran nýjan aðstoðarleikskólastjóra og verkefnastjóra sem við gleðjumst mjög með.

Við lögðum áherslu á málörvun og samskipti þennan veturinn í barnahópnum sem og í starfsmannahópnum en unnum það auðvitað á mismunandi hátt. Þurfum að endurskoða það eitthvað og munum halda áfram með þessa vinnu næsta vetur í báðum hópnum.

Við þurfum að reyna að fá til okkar fleira fagfólk til að vinna á gólfinu með börnum og starfsfólki. Það er fullt af flottu fólki í Holti en okkur vantar sárlega fagmenntaða kennara til að gera enn betur og fara á dýptina, við erum ekki að ná því, því miður. Fengum nema frá KÍ sem er alltag gleðilegt og við erum alltaf með nema í atvinnutengdu námi hjá okkur frá Fellaskóla yfir veturinn.

En það liggur fyrir námsferð starfsmanna vorið 2027 og við erum strax farnar að skipuleggja og undirbúa hópinn andlega fyrir það með hópefli og skemmtunum. Holt og Ösp eru að starfa saman í mörgu og ætlum að fara í sameiginlega námsferð til Edinborgar á Story Telling námskeið með hópana okkar. Um leið og umræður fara af stað með námsferð, þá sér maður lundina lyftast í starfsmannahópnum, það er svo gaman að sjá.

En vonandi verður næsti vetur betri og léttari fyrir starfsandann heldur en sá sem var. Framundan eru breytingar á starfsmanna aðstöðu sem ég tel að muni gjörbreyta vinnuaðstöðu til hins betra. Meira rými fyrir undirbúning, meira pláss fyrir fundi (og þarf ekki að troða eða takmarka fjölda stóla) og auka salerni fyrir starfsfólk. Einnig betri vinnuaðstaða fyrir sérkennslustjóra, verkefnastjóra og starfsfólk í sérkennsluteymi. Á móti verður börnum fækkað í skólanum til að þetta verði hægt.

En við erum að fara af stað með sérkennsluteymi innan skólans og breyta vinnubrögðum í sérkennslunni. Það verður spennandi að sjá það þróast. Einnig ætlum við að hafa matstofur í báðum húsum og ýta undir sjálfstæði og sjálfshjálp barnanna í hádegismatnum.





## 2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Hvað var metið?	Málörvun í óskipulögðum stundum
Hvernig fór matið fram?	Umræður og hópavinna á fundum og á starfsdögum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Það gengur vel með málörvun í skipulögðum stundum. En við þurfum að huga betur að óskipulögðum stundum, frjálsi leikurinn, fataklefinn, matartíminn, útiveran. Hvernig getum við aukið málörvun í þessum stundum. Áfram í vinnslu næsta vetur.

Hvað var metið?	Samskiptastefna
Hvernig fór matið fram?	Umræður og hópavinna á fundum og á starfsdögum
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk
Helstu niðurstöður mats	Samskiptastefnan er uppi á öllum deildum og í sameiginlegum rýmum. Gengur ágætlega, en þurfum að samræma aðeins betur og fara betur yfir útiveru og frjálsan leik. Áfram í vinnslu næsta vetur.

Hvað var metið?	Leikur barna
Hvernig fór matið fram?	Umræður og hópavinna á fundum og á starfsdögum
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk
Helstu niðurstöður mats	þurfum að skoða skipulag deilda betur og reyna að minnka uppbrot í leik barnanna. Gefa honum betri tíma og rými. Fara betur yfir rými á deildum og efnivið, útiveru og frjálsan leik. Áfram í vinnslu næsta vetur.





## Ytra mat

Hvað var metið?	Viðhorfskönnun starfsfólks
Hvernig fór matið fram?	Gallup sendi könnun desember 2025
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk, 57% svörun
Helstu niðurstöður mats	Í heildina er starfsfólk almennt ánægt í vinnunni og finnst markimið vinnunar skýr. Það sem við getum gert betur er að bæta ímyndina og stolt af vinnustaðnum, ná upp starfsandanum og bæta vinnuaðstæður

Hvað var metið?	Fagumhverfiskönnun SFS
Hvernig fór matið fram?	Skóla- og frístundasvið sendi könnun mars 2026
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk / 35% svörun
Helstu niðurstöður mats	Almennt var starfsfólk ánægt og taldi sig hafa hæfni og vitneskju til að sinna sínu starfi vel, sérstaklega í menningarlega fjölbreyttum barnahóp. Það sem við getum bætt er vinna starfsmanna með tækni, uppeldislegar skráningar og þekking á leiknum sem námsleið

### 3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Málþroski og læsi – að virkja þátttöku foreldra B-hluta áframhaldandi styrkur menntastefnu Reykjavíkur með leikskólanum Holti, Fellaskóla og Menntavísindasviði
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að fá foreldra í samstarf og stuðla að inngildingunni þeirra í námi og leik barna sinna með því að efla íslenskan orðaforða þeirra.





<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Senda heim til barnanna efni/bækur sem foreldrar geta nýtt í tengslum við áhersluþemu leikskólans
<b>Ábyrgð</b>	Stjórnendur í leikskólunum Holti og Ösp og Fellaskóla
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Ágúst 2026 – júní 2027
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið</b>	Fylgt eftir með reglulegum matsfundum með foreldrum. Reglulegum matsfundum stjórnenda í skólunum
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Ávinningur verkefnisins verður virkari þátttaka foreldra í námi og leik barna sinna og aukin íslenskukunnátta þeirra sem eykur líkur á virkari þátttöku foreldra.

**Stjórnun- uppeldis og menntastarf,  
mannauður/leikskólabragur-  
innra mat**

<b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>	Málörvun í óskipulögðum stundum
<b>Tækifæri til umbóta</b>	Að starfsfólk nýti betur óskipulagðar stundir sem tækifæri í málörvun með börnunum og tali meira við börnin
<b>Aðgerðir til umbóta</b>	Fræðsla og handleiðsla til starfsfólks, bæði frá öðru reyndara starfsfólki og með utanaðkomandi fræðslu. Skráning á deildum, allir fá litla bók til að punkta niður í
<b>Ábyrgð</b>	Allt starfsfólk og stjórnendur
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	September 2026 – maí 2027
<b>Hvenær og hvernig á að meta?</b>	Metið reglulega yfir veturinn á deildarfundum, stjórnendateymisfundum og starfsmannafundum
<b>Viðmið um árangur</b>	Að allt starfsfólk sé meðvitað og öruggt í að nýta allar óskipulagðar stundir sem tækifæri til málörvunar og tali meira við öll börnin yfir allan daginn





**Stjórnun- uppeldis og menntastarf,  
mannauður/leikskólabragur-  
innra mat**

<b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>	Samskipti og samskiptastefna
<b>Tækifæri til umbóta</b>	Að skoða samskipti starfsmanna við hvort annað, börn og foreldra. Hlutverk, ábyrgð og að allir séu með sama skilning á hvernig samskipti við viljum hafa og vera í.
<b>Aðgerðir til umbóta</b>	Fræðsla og handleiðsla til starfsfólks, bæði frá öðru reyndara starfsfólki og með utanaðkomandi fræðslu.
<b>Ábyrgð</b>	Allt starfsfólk og stjórnendur
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	September 2026 – maí 2027
<b>Hvenær og hvernig á að meta?</b>	Metið reglulega yfir veturinn á deildarfundum, stjórnendateymisfundum og starfsmannafundum
<b>Viðmið um árangur</b>	Að allt starfsfólk sé meðvitað um hversu mikilvæg samskipti eru og hvað þau spila stóran hluta í okkar vinnu. Að allir fari eftir og þekki samskiptastefnu Holts. Að við hjálpum hvort öðru og vinnum saman að góðum samskiptum

**Stjórnun- uppeldis og menntastarf,  
mannauður/leikskólabragur-  
innra mat**

<b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>	Leikur barna
<b>Tækifæri til umbóta</b>	Að leikur barna fái meira pláss og að starfsfólk þori að vera þátttakandi
<b>Aðgerðir til umbóta</b>	Fræðsla og handleiðsla til starfsfólks, bæði frá öðru reyndara starfsfólki og með utanaðkomandi fræðslu.
<b>Ábyrgð</b>	Allt starfsfólk og stjórnendur
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	September 2026 – maí 2027





<b>Hvenær og hvernig á að meta?</b>	Metið reglulega yfir veturinn á deildarfundum, stjórnendateymisfundum og starfsmannafundum
<b>Viðmið um árangur</b>	Að allt starfsfólk sé meðvitað um hversu mikilvægur leikurinn er í námi barna. Að starfsfólk þori að fara inn í leik barna Að starfsfólk geti tekið þátt í leik barnanna

<b>Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat</b>	
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	Viðverustefna starfsmanna
<b>Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?</b>	Fækka skammtímaveikindum starfsmanna
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Virkja viðverusamtöl stjórenda, leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóri ætla að taka þetta fastari tökum
<b>Ábyrgð</b>	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Byrjar haustið 2026 og áætluð lok eru vorið 2027
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Taka regluleg samtöl við starfsfólk varðandi Bradford stig
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Markmiðið er að ná niður tíðum skammtímaveikindum starfsmanna





#### 4. Starfsþróunarsamtöl

Leikskólastjóri tók alla starfsmenn í starfsþróunarsamtöl á tímabilinu 19.janúar-6.mars 2026. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólustjóri byrjuðu einnig að vinna undirbúningsvinnu með nýja vinnutímasamninga við allt starfsfólk. Það verður klárað fyrir haustið 2026.

Viðverusamtöl voru tekin yfir veturinn eftir þörfum en farið verður markvissara í það næsta vetur.

#### 5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Fræðsla veturinn 2025-2026 var margbreytileg. Tveir deildarstjórar voru í leikskólakennarafræðum og tveir aðrir starfsmenn í öðru námi. Allir starfsmenn fengu fræðslu um matvælaöryggi, kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, leikinn og málörvun, hlutverk okkar og ábyrgð frá Ráðgjafar- og stuðningsteymi RVK, einhverf börn, erfið hegðun barna, málörvun í daglegu starfi frá Bryndísi talmeinafræðingi og skyndihjálpi. Íslensku kennsla var fyrir þá starfsmenn sem vildu og námskeið fyrir starfsfólk í sérkennslu eftir þörfum.

Áætlun um fræðslu fyrir veturinn 2026-2027 er einnig margbreytileg og verður sennilega svipuð. En við bætist meira varðandi fræðslu um matsal og sérkennsluteymi. En einnig verður fræðsla um málörvun barna í daglegu starfi, erfiða hegðun barna, sérkennslu og börn með sérþarfir, sjálfstæði barna og sjálfshjálpi, samskipti og jákvæðni, teymisvinna starfsfólks og svo er námsferð í apríl 2027 (Story telling námskeið). Fræðsla verður að miklu leyti í samvinnu við leikskólann Ösp og tengt okkar áherslum í málörvun barna sem og fjölmenningu.

#### 6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Verkefnið „Málþroski og læsi í Fellahverfi“ er leiðarljósið í okkar starfi, í samstarfi við Holt og Fellaskóla. Leikskólarnir Ösp og Holt sóttu um og fengu B-hluta styrk Menntastefnunnar ásamt Fellaskóla og Menntavísindasviði. Við sóttum um og fengum áframhaldandi styrk með þetta verkefni og munu því enn fleiri börn taka þátt næsta vetur, tveir árgangar í leikskólunum og tveir í Fellaskóla.

Áherslur verða á samstarf við foreldra og að virkja þátttöku þeirra í leik og námi barna þeirra.

Við höfum fengið fastan tíma í íþróttahúsi Fellaskóla einu sinni í viku sem hefur nýst vel.

Samstarfið í hverfinu er einstaklega gott og erum við í stöðugri þróun með það.

Deildarsjóri Máls og læsis í Fellaskóla er með fasta viðveru á deild elstu barna í leikskólunum Holti og Ösp vikulega og hittir stjórnendur mánaðarlega á fundum.

Deildarstjórar og kennarar hittast einnig mánaðarlega á fundum og fara yfir þemavinnu og sameiginleg verkefni okkar.

Smjðjur, vorskóli og útskrift elstu barna í Fellaskóla eru dæmi um frábært samstarf.

Nemar í atvinnutengdu námi úr Fellaskóla eru ávallt hjá okkur yfir veturinn og voru þeir sjö í vetur.

**Sjá fylgiskjal 10.11**





## 7. Foreldrasamstarf

**Foreldraráð og foreldrafélag** var sameinað í eitt árið 2021 og eru núna 3 foreldrar í ráðinu og félaginu.

Reynt er að kjósa árlega á haustfundi foreldra eða foreldrar bjóða sig fram. Fundir eru fáir yfir veturinn, en eftir þörfum og samskipti eru meira með rafrænum hætti, s.s. í tölvupósti eða á Facebook síðu hópsins. Lítil virkni hefur verið þennan veturinn.

**Haustfundir foreldra** eru í október og í sitthvoru lagi eftir deildum. Það gekk mjög vel og var góð mæting foreldra. Brynja, deildarstjóri máls og læsis í Fellaskóla, og Aðalheiður talmeinafræðingur í Fellaskóla, eru með okkur á öllum fundunum og eru með fræðslu til foreldra um mikilvægi málörvunar og lesturs.

**Foreldraviðtöl** eru nokkur fyrir hvert barn. Fyrsta viðtal, þegar barnið byrjar í leikskólanum, er við leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra og svo viðkomandi deildarstjóra í aðlögun. Árleg viðtöl eru á vorönn, við viðkomandi deildarstjóra. Kveðjuviðtal er svo þegar börnin hætta og fara í grunnskólann við viðkomandi deildarstjóra. Einnig geta foreldrar ávallt óskað eftir viðtali eftir þörfum, sem og leikskólinn við foreldrana.

**Þátttökuaðlögun** byggir á nánu foreldrasamstarfi og er orðið fast í sessi hjá okkur. Öryggi og ánægja starfsmanna og foreldra eykst með hverju ári. Þetta er aðferð sem er komin til að vera. Við endurmetum aðferðina í starfsmannahópnum á hverju hausti og bætum það sem betur má fara.

**Facebook síða** leikskólans gengur mjög vel og þar erum við sérstaklega að ná vel til erlendu foreldranna okkar. Hver deild er með sér hóp þar inni og einnig foreldraráðið og félagið. Mikil upplýsingagjöf fer þar fram. Við náum strax til foreldra þarna í gegn og getum fylgst með að þau sjái fréttirnar. **VALA** er skemmtileg viðbót í foreldrasamvinnunni og alltaf að bæstast við nýjungar þar, hægt og rólega.

**MOLF foreldrasamstarf** er þróunarverkefni sem fór af stað skólaárið 2025-2026. Samstarfið felur í sér að elsti árgangur barnanna í Holti og Ösp fá eina bók með sér heim í hvert skipti þegar nýtt þema byrjar, sem sagt á fjögurra vikna fresti. Bókin er í tengslum við þemað sem er að hefjast. Börnin fá einnig eina K-pals æfingu heim sem þau mega vinna með foreldrum sínum. Börnin þurfa skila bókinni í lok þemans. Hugmyndafræði þessa þróunarverkefnis er að efla lestur barna, auka orðaforða og styrkja málþroska barnanna. Það skemmir ekki fyrir ef gæðastundir foreldris og barns myndist.

## 8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Starfsdagar næsta vetur verða örlítið öðruvísi en áður því það er námsferð framundan og svo er Menntastefnumót Reykjavíkurborgar. Þrjú dagar eru á sömu dögum og Fellaskóli og Holt og Ösp eru með sömu starfsdaga. **Sjá fylgiskjal 10.12**

- 31. ágúst ½ dagur, opnum kl.12.30 – Holt og Ösp
- 15. október ½ dagur, opnum kl.12.30 – Holt og Ösp
- 20. nóvember – Holt, Ösp og Fellaskóli
- 4. janúar 2027 – Holt, Ösp og Fellaskóli
- 21. apríl og 23. apríl námsferð – Holt og Ösp
- 27. apríl – allir hjá SFS





## 9. Þróunarverkefni

Heiti á þróunarverkefni og helstu áherslur verkefnisins	Samstarfsaðilar	Hver styrkir?
Málproski og læsi - að virkja þátttöku foreldra (framhalsstyrkur vetur 26-27)	Leikskólarnir Holt & Ösp, Fellaskóli og Háskóli Íslands	Þróunar- og nýsköpunarsjóður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur – B hluti Menntastefna

Markmið verkefnisins er að jafna tækifæri barna til náms, auka grunnfærni til að styrkja lestrarnám og styrkja um leið sjálfsmýnd barnanna og foreldra þeirra. Margir foreldrar hafa ekki góð tök á íslensku og eru jafnvel enn þá að óska eftir túlkum í viðtölum þrátt fyrir að hafa búið á Íslandi í fjöldamörg ár. Því viljum við stuðla að auknu íslenskunámi foreldra samhliða því sem börnin efla sinn orðaforða. Við viljum efla foreldrafræðslu og ná betur til foreldrahópsins jafnt og þétt yfir veturinn til þess styrkja þau í þátttöku í íslenskunámi barna sinna. Hluti af því er að kynna íslensk máhljóð og stafrófið fyrir foreldrum, svo þau geti lesið á íslensku. Með verkefninu viljum við stuðla að því að foreldrar auki orðaforða sinn í íslensku og verði virkari þátttakendur í námi og leik barna sinna.

Tekin verða upp myndbönd þar sem námsorðaforði hvernar viku verður kenndur, máhljóð einstaka bókstafa verða kennd og samtengjandi hljóðaaðferð notuð til að kenna lestur.

Tveir elstu árgangarnir í leikskólunum Holt og Ösp og tveir yngstu árgangarnir í Fellaskóla verða hluti að þessu verkefni veturinn 2026-2027. Sl. vetur var það eingöngu elsti árgangurinn í leikskólunum Holti og Ösp og yngsi árgangurinn í Fellaskóla, sem voru þátttakendur.

### Endurmat deildarstjóra um verkefnið :

Bókaverkefni MOLF foreldrasamstarfs hefur gengið vonum framar á Leikskólanum Holti. Verkefnið ýtti undir gæðastundir foreldra og barna í lestri. Sum barnanna voru að upplifa í fyrsta skipti að setjast niður með foreldrum sínum að lesa bók. Börnin sýndu tilhlökkun að fá nýjar bækur þegar nýtt þema byrjaði og unnu vel K-Pals verkefni sem fylgdu með bókinni. Börnin þekktu vel til bókanna þegar þær voru svo lesnar í leikskólanum og sögðu frá stundunum með foreldrum sínum. Í einstaka tilfellum sinntu foreldrar verkefninu lítið sem ekkert og skiluðu verkefninum og bókunum fyrr og fyrr eftir því sem það leið á veturinn. Í lok vorannarinnar höfðu börnin orð á því að þau væru orðin þreytt á K-Pals verkefninum.

Í heildina lítið gekk verkefnið vel og við hlökkum til að byrja aftur á komandi haustönn.





## 10. Fylgiskjöl:

### 10.1 Innra mat – Hóll 2025-2026

#### Styrkleikar

Leikskólalífið er mjög fjölbreytilegt og breytist gjarnan frá degi til dags. Því er talað um starfsáætlanir séu lifandi plagg sem getur breyst eftir því sem líður á veturinn.

Þennan vetur voru 14 hress og skemmtileg börn á Hóli. Þau voru öll fædd 2020. Þau eru fjörug, forvitin, hjartahly og hjálpsöm. Þau eru elstu börn leikskólans gjarnan nefnd skólahópur.

Fjölmennning og fjölbreyttni er ríkjandi á deildinni. Starfsmenn voru fjórir. Það var einn stuðningsaðili fyrir eitt barn. Elstu börnin eru í samstarfi við leikskólann Ösp og Fellaskóla og vinna sameiginlega að málörvun. Þau fara í smiðjur í Fellaskóla og í vorskóla. Börnin tóku þátt í fjölbreytilegum verkefnum, fóru á tónleika og leiksýningar.

Í félagsfærni var áhersla lögð á sjálfstæði barna, vináttu, og samskipti. Vináttuverkefnið Blær er notað og er unnið gegn ofbeldi og einelti sem geta átt sér stað í stórum barnahóp.

Við vinnum málörvum í þemum sem er skipt eftir tímabilum. Námsgreinar í aðalnámskrá Leikskólans er fléttuð inn í hvert þema. Við ákváðum á síðasta ári að byrja fyrir á lestraverkefnum k-Pals og byrjuðum í september en ekki janúar. Við munum halda þessu áfram. Styrkleikarnir á deildinni felast því í vinnu og námi með börnum af fjölbreyttum og fjölmenningalegum uppruna og vinna með leiðir sem hentar hverjum barnahóp fyrir sig.

#### Tækifæri

Tækifærin liggja í gegnum sjálfsprottinn leik barna sem aðalnámsleið barnsins. Og að virkja starfsmenn deildarinnar í leiknum sem og málörvun allan daginn. En í leiknum er hægt að vinna með félagsfærni og málörvun barnsins. Starfsmenn koma þar inn í og eru með börnum í leiknum. Börnin læra að spyrja mega þau vera með í leik og að það má segja nei, þú mátt ekki vera með. Þau læra að þau geti farið í leik með öðrum börnum. Þau eiga að fá að hafa tækifæri á eigin námi og hafa val hverju sinni hvað þau vilja gera.

Vináttuverkefnið Blær er hluti að námsefni í félagsfærni barna og er markmiðið að börnin tileinki sér að hafna ofbeldi í leik, sýna öðrum börnum umhyggju.

Í málörvun eru tækifæri í að bæta við ljóðum og þulum inn í námi barnsins og sögugerð. Með þátttöku í Barnamenningarhátíð Reykjavíkur fá börnin tækifæri til þess að koma fram á sviði læra lög, nýja texta og vera með á tónleikum.





## 10.2 Innra mat - Bakki 2025-2026

### Styrkleikar

Á leikskólaárinu 2025–2026 voru 15 börn á Bakka, fædd árin 2020 og 2021. Barnahópnum var skipt í tvo hópa eftir aldri, þroska og þörfum barnanna, annars vegar eldri börn sem voru að undirbúa sig fyrir grunnskólagöngu og hins vegar yngri börn. Hópaskiptingin reyndist vel og auðveldaði starfsfólki að skipuleggja nám, leik og daglegt starf með hliðsjón af ólíkum þörfum barnanna.

Á árinu var lögð áhersla á daglega málörvun, K-PALS, samverustundir, Blæ, tilfinningalæsi og frjálsan leik. Málörvun fór fram daglega þar sem unnið var með orðaforða, hlustun, tjáningu, hljóðkerfisvitund og þátttöku barnanna í samtali. K-PALS nýttist sérstaklega vel með eldri börnunum og studdi við undirbúning þeirra fyrir grunnskóla.

Verkefnið Bókaormur var mikilvægur hluti af málörvun og foreldrasamvinnu. Börnin skiptust á að koma með bók að heiman, annaðhvort á íslensku eða á heimamáli barnsins. Foreldrar voru hvattir til að lesa eða skoða bókina með barninu heima og daginn eftir fékk barnið tækifæri til að segja frá bókinni eða endursegja söguna fyrir hópnum á sinn hátt. Verkefnið studdi við málþroska, frásagnarfærni, skilning, sjálfstraust og tengsl heimilis og leikskóla.

Samverustundir voru fastur hluti af daglegu starfi þar sem unnið var með daginn, veður, fatnað, líðan, tilfinningar og samskipti. Blær og verkefni tengd tilfinningum studdu við félagsfærni, samkennd og jákvæð samskipti. Frjáls leikur fékk einnig mikið rými og starfsfólk studdi börnin í samskiptum, sjálfstæði, sköpun og lausnaleit í leik.

Á skólaárinu var unnið markvisst með þema mánaðarins. Þemað nýttist vel sem rammi utan um daglegt starf og gaf starfsfólki hugmyndir að bókum, söngvum, leikjum, hópastarfi, málörvun, sköpun, vettvangsferðum og lykilorðum tengdum hverju þema. Sérstaklega reyndist vel að vinna með lykilorð dagsins, þar sem börnin fengu að sjá orð með myndum, ræða merkingu þeirra og nota þau í samtali, leik og verkefnavinnu. Þetta studdi við orðaforða, hugtakaskilning og tjáningu barnanna.

Fyrir börn sem þurftu aukinn stuðning var leitast við að finna verkefni og leiðir sem hentuðu þörfum þeirra, áhuga og þroska. Verkefni voru aðlöguð þannig að öll börn gætu tekið þátt á eigin forsendum. Verkefnið Stjarna vikunnar var ekki fastur hluti af starfinu á þessu skólaári, þar sem áhersla var lögð á að festa í sessi daglega málörvun, K-PALS, Bókaorm, hópaskiptingu og þema mánaðarins. Stefnt er að því að taka verkefnið aftur upp á næsta skólaári með skýrara og einfaldara skipulagi.

Starfsárið einkenndist af góðu skipulagi, fjölbreyttum verkefnum og jákvæðri þróun í námi, leik og samskiptum barnanna. Börnin sýndu aukið sjálfstæði, meiri virkni í tjáningu og meira öryggi í daglegu starfi.

### Tækifæri

Tækifæri næsta skólaárs felast í því að byggja áfram á því sem hefur gengið vel á Bakka. Mikilvægt er að halda áfram daglegri málörvun og tryggja að hún sé markviss, fjölbreytt og aðlöguð að aldri, þroska og þörfum barnanna. Einnig verður áfram unnið með K-PALS, sérstaklega með eldri börnunum, til að efla einbeitingu, samvinnu, úthald og öryggi í skipulögðum verkefnum.





Áfram verður unnið með Bókaorm sem leið til að efla málþroska, frásagnarfærni og foreldrasamvinnu. Verkefnið styður einnig við fjölbreytni þar sem börn geta komið með bækur á íslensku eða á heimamáli sínu. Tilfinningalæsi, félagsfærni og frjáls leikur verða áfram mikilvægir þættir í starfinu, með áherslu á jákvæð samskipti, þátttöku allra barna og stuðning í leik.

Þema mánaðarins verður þróað áfram sem rammi utan um nám, leik og skapandi starf. Sérstaklega verður horft til þess að gera lykilorð dagsins enn sýnilegri í daglegu starfi með myndum, umræðum og verkefnum þar sem börnin fá að nota orðin í merkingarbæru samhengi. Einnig verður horft til þess að styrkja skráningar og ígrundun starfsfólks til að fylgjast betur með námi, virkni og þátttöku barnanna.

Einnig er tækifæri til að efla foreldrasamvinnu enn frekar með því að endurskoða verkefnið Stjarna vikunnar og taka það aftur upp með einföldu og aðgengilegu skipulagi. Markmiðið er að halda áfram að skapa öruggt, hlýlegt og hvetjandi námsumhverfi þar sem öll börn fá tækifæri til að þroskast, læra, leika sér og taka virkan þátt á eigin forsendum.

### 10.3 Innra mat – Sel 2025-2026

#### Styrkleikar

Í vetur voru 15 börn á Seli fædd árin 2021 og 2022 og var starfið á deildinni að stærstum hluta mjög svipað og áður. Skipulagðar málörvunarstundir voru á hverjum degi þar sem börnunum var skipt í þrjá hópa og tekið var fyrir alltaf ákveðið þema.

Í vetur var unnið með hvert þema í fjórar vikur en ekki tvær eins og áður og gekk það mjög vel. Lærum og leikum með hljóðin og Lubbi finnur málbein voru líka eins og áður mikið notuð í málörvunarstundunum.

Frjálsa leiknum var gefinn góður tími í dagskipulagi enda er frjáls leikur ein mikilvægasta námsleið barna. Í frjálsa leiknum nýtum við öll svæðin á deildinni vel og skiptum börnunum niður á svæðin. Samverustundir gengu mjög vel í vetur. Þar er farið eftir ákveðnu skipulagi svo að allt starfsfólk veit alltaf hvað á að taka fyrir í samverustund hverju sinni.

Til að virkja börnin í að taka meiri þátt í daglegu starfi eru á deildinni sex hlutverk sem börnunum er úthlutað á hverjum degi. Hlutverkin eru umsjónarmaður, þvottabjónn, bókaþjónn, borðþjónn, ávaxtastjóri og teljari. Börnunum finnst þetta mjög skemmtilegt og eru spennt að vita hver fær hvaða hlutverk.

Í vetur ásamt öllum öðrum deildum leikskólans byrjuðum við að innleiða Gefðu 10 aðferðina. Það var gert bæði til að efla orðaforða barnanna ennþá meira og líka til að virkja starfsfólk meira í að eiga samskipti við börnin. Allt starfsfólk fékk sína stílabók þar sem nöfn barnanna voru skráð í og þar skrifuðu starfsfólk hvað það var að tala um við börnin. Þetta gafst mjög vel og var starfsfólkið virkt í að gefa ákveðnum börnum 5 – 10 mínútur af auka málörvun á dag. Þessu verður haldið áfram næsta vetur.





Í vetur var valið eitt orð úr því þema sem verið var að vinna með á hverjum degi og það var orð dagsins. Var það haft sýnilegt upp á vegg og einnig var rætt um það í samverustund. Þetta tókst mjög vel og þessu verður haldið áfram.

### Tækifæri

Í frjálsa leiknum eru tækifæri til að virkja starfsfólk til að taka virkari þátt í leik barnanna og sé meira í leiknum með börnunum. Að starfsfólk sé virkur þátttakandi í sjálfspróttum leik barnanna og noti tækifærið og nýti þessar stundir í að leggja inn orð hjá börnunum.

Efla sjálfshjálp barnanna í fataklefanum með því að gefa þeim tíma og hvatningu til að gera sem mest sjálf.

Unnið verður að því að fara í heimsóknir einu sinni í mánuði á bókasafnið bæði í skipulagðar sögustundir og líka bara til að skoða bækur á bókasafninu til að efla áhuga barnanna á bókum og sögulestri.

## 10.4 Innra mat – Stóra-Fell 2025-2026

### Styrkleikar

Í vetur hafa verið 14 börn á aldrinum 2–4 ára á Stóra Felli. Unnið var að því að efla sjálfsmynd barnanna, styrkja trú þeirra á eigin getu og stuðla að því að þau upplifi árangur. Sem liður í að efla sjálfstæði fengu börnin tækifæri til að velja og skammta sér mat sjálf. Vegna starfsmannabreytinga gekk sú vinna misvel, en ljóst er að þörf er á áframhaldandi markvissri vinnu á þessu sviði. Í haust verður unnið sérstaklega með matstofu, sem er frábært tækifæri fyrir börnin til að ná frekari árangri í þessum þáttum.

Börnin voru hvött til að sýna frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun í gegnum sjálfspróttinn leik og listsköpun. Líkt og undanfarin ár var lögð áhersla á samvinnu, virðingu fyrir hvort öðru og vináttu. Í því samhengi var unnið með Blær verkefnið og félagsfærnisögur, sem gekk vel.

Leikskólinn er fjölmenningslegur og lögð er sérstök áhersla á að efla málþroska barna. Málörvun fer fram í öllu starfi og skólamálið er íslenska. Samverustundir og málörvunarhópar voru skipulagðir á markvissan hátt og gengu vel allan veturinn. Unnið var með fjölbreytt verkefni, svo sem *Lærum og leikum* og *Lubbi finnur málbein*. Einnig var lesið daglega fyrir börnin og flæðilestur fléttaður inn í starf deildarinnar. Notaðar voru loðtöflusögur sem vöktu mikinn áhuga hjá börnunum. Þegar unnið var markvisst með þemum og ákveðna stafi var listsköpun barnanna samþætt því, sem gaf góða raun og verður því haldið áfram með þá nálgun. Á hverjum föstudegi fór *Lubbi* heim með einu barni yfir helgina. Verkefnið gekk mjög vel og verður því haldið áfram næsta vetur.

**Leikur** er helsta námsleið ungra barna og því var lögð rík áhersla á hann í daglegu starfi. Börnin fengu tækifæri til að leika á eigin forsendum og voru kennarar til staðar til að styðja við leikinn og taka þátt í honum á forsendum barnanna. Leikföng á deildinni voru aðgengileg öllum börnum sem sýndu frumkvæði í að sækja sér þau sjálf.





## Tækifæri

Málörvunarverkefnið „Bókaormur“ gekk ekki sem skyldi í vetur. Þörf er á að finna betri leiðir til að tryggja markvissara utanumhald og eftirfylgni með verkefninu. Til að dýpka samstarf allra hagsmunaaðila leikskólans verður sendur vikulegur tölvupóstur eins og til dæmis föstudagstölfupóst. Jafnframt er þörf á að endurnýja leikföng og efla framboð náttúrulegs efniviðar til að bæta námsumhverfið og styðja betur við leik og þroska barna.

## 10.5 Innra mat – Litla-Fell 2025-2026

### Styrkleikar

Málörvun – málörvun gekk mjög vel og sjáum við framfarir hjá börnunum. Erum með skipulagðar stundir á hverjum degi. Nýttum allar stundir til að tala við börnin og settum myndir inn á klósett sem voru tengdar þemanu hverju sinni og var hægt að nýta þær myndir og tala við börnin í bleyju skiptum. Hengdum upp myndir á vegginn í hæð barnanna tengda þemanu og þeim staf sem við erum að vinna með í hvert sinn. Þessar myndir vöktu mikla lukku og sýndu börnin þeim mikinn áhuga.

Bókaormur – Gekk að mestu leyti vel. Börnin höfðu mjög gaman af því að fá að koma með bækur og láta lesa fyrir hópinn. Setjum á Facebook síðu deildarinnar í byrjun vikunnar hverjir eru bókaormar þá vikuna og svo daginn áður fá börnin miða í hólfíð sitt til að minna á og hafa það sýnilegt fyrir bæði börnin og foreldra. Þau börn sem að gleymdu bók fengu að velja bók til að lesa í samverustund.

Lubbi – Börnin fá að taka Lubba með sér heim yfir helgi. Það gekk mjög vel og börnunum fannst þetta mjög skemmtilegt og voru spennit þegar að það var komið að þeim að taka hann heim. Setjum á Facebook á hverjum föstudegi með hverjum Lubbi fer heim og setjum miða í hólfíð til að hafa þetta sýnilegt fyrir börnin og foreldra. Foreldrar skrifa svo hvað var gert heima með Lubba og svo er lesið það fyrir börnin í samverustund. Buðum foreldrum upp á það að senda okkur myndir og við prentuðum út. Voru mjög margir sem að nýttu sér það.

Samverustundir – erum með skipulagðar samverustundir á hverjum degi. Þar er farið yfir hvernig veðrið er úti og hvaða föt þarf að fara í í útiveru. Börnin læra að klappa nöfnin sín og læra hvaða staf þau eiga. Teljum á hverjum degi hversu mörg börn eru mætt og teljum ýmsa hluti. Förum yfir hvaða staf og þema hverju sinni og tengjum hluti og orð við það. Lesum bækurnar sem að bókaormarnir koma með. Syngjum og leyfum börnunum að syngja fyrir hópinn ef að þau vilja, það eflir sjálfstraustið þeirra.

Sjálfspröttinn leikur – erum að búna að vera að kenna börnunum að leika og læra að deila hlutum. Leikur er mjög stór þáttur í þroska barnanna og mjög mikilvægt að gefa honum gott rými í dagskipulagi.

### Tækifæri

Blær – þurfum að vinna markvissara með hann. Koma því inn í skipulagðar stundir og miða þær við aldur barnanna.





Ætlum að byrja með matstofu næsta haust, þá munu börnin borða á Stóra Felli og hvíldin verður á Litla Felli. Í matstofunni munu börnin efla sjálfstæði sitt með því að skammta sér mat sjálf og ganga með það að borðinu. Verður spennandi að sjá hvernig það mun ganga.

Ætlum að efla lýðræði barnanna og heyra meira hvað þau vilja gera. Tala við þau í litlum hópum þar sem þau geta fengið að segja sína skoðun

## 10.6 Innra mat – Berg 2025-2026

### Styrkleikar

Málörvun og nám í gegnum leik. Á deildinni Berg leggjum við ríka áherslu á að efla málþroska barna sem hluta af leik, daglegum venjum og samskiptum. Unnið er út frá þeirri hugmyndafræði að börn læri í gegnum leik, tengsl og merkingarbærar daglegar upplifanir. Málþroski er því samþættur öllum þáttum daglegs starfs og styður við samskipti, félagsþroska, skynjun, sköpun og fínhreyfiproska.

Við nýtum fjölbreyttar leiðir til að efla málþroska barna, meðal annars samverustundir, lestrarstundir, hópastarf og frjálsan leik. Daglegar athafnir, svo sem máltíðir, fataskipti og umönnun, eru nýttar sem lærdóms tækifæri þar sem sjónrænt efni og orðaforði tengdur vikulegum þemum styðja við skilning og tjáningu barna.

Samverustundir og Lubbi. Í samverustundum eru börn hvött til þátttöku í söng, samræðum og leikjum sem efla hlustun, tjáningu og orðaforða. Lubba-verkefnið er hluti af vikulegu starfi deildarinnar þar sem börn kynnast hljóðum og stöfum ásamt tengingu þeirra við eigið nafn og ták. Börnin eru studd til þátttöku á eigin forsendum og á sínum hraða í öruggu, jákvæðu og hvetjandi umhverfi.

Lestrarstundir. Lestrarstundir eru mikilvægur þáttur í bæði skipulögðu starfi og frjálsum leik. Endurtekinn lestur sömu bóka styður við málskilning, eykur orðaforða og styrkir öryggi barna í tungumálinu. Börn fá einnig tækifæri til að velja bækur eftir eigin áhuga, sem eflir forvitni þeirra og áhuga á bókum og lestri frá unga aldri.

Hópastarf. Í hópastarfi vinna börn í litlum hópum þar sem markvisst er unnið með mál og læsi í tengslum við vikuleg þemu. Starfið tekur mið af áhuga, þátttöku og þroska barnanna og leggur áherslu á samskipti, samvinnu og skapandi tjáningu.

Bókaormurinn. Bókaormsverkefnið nýtur áfram mikilla vinsælda. Börnin koma með bækur að heiman sem lesnar eru í hópnum. Verkefnið styrkir tengsl heimilis og leikskóla og stuðlar að sameiginlegri upplifun barna af bókum, lestri og tungumáli.

Lubbi – verkefni. Lubbi er áfram eitt af lykilverkefnum leikskólans. Hann fer í heimsókn til barns um hverja helgi og þegar hann kemur aftur í leikskólann er upplifun barnsins og Lubba deilt með hópnum á merkingarbæran og leikrænan hátt. Verkefnið styður við málþroska, félagsfærni og jákvæða samveru barna.

Útivera og vettvangsferðir. Útivera og vettvangsferðir eru mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu. Börn fá fjölbreytt tækifæri til að kynnast nærumhverfi sínu, náttúru og samfélagi. Gönguferðir,





hverfiskannanir og ferðir í litlum sem stórum hópum styðja við forvitni, félagsþroska og skilning barna á umhverfi sínu.

## Tækifæri

Stefnt er að því að innleiða hlutverk umsjónarmanns sem allra fyrst á komandi skólaári. Ekki reyndist unnt að innleiða það á þessu skólaári þar sem deildin tók á móti nýjum börnum síðar á skólaárinu. Áhersla var lögð á að styðja við aðlögun barnanna og tryggja þeim öryggi og vellíðan áður en ráðist væri í nýjar áherslur eða verkefni.

Jafnframt verður áfram haldið úti vikulegum upplýsingasendingum til foreldra þar sem greint er frá starfi deildarinnar, verkefnum og þátttöku barnanna í daglegu starfi. Markmiðið er að efla upplýsingaflæði og samstarf milli heimilis og leikskóla. Upplýsingasendingarnar hefjast við upphaf skólaárs og verða reglulegur þáttur í starfinu yfir veturinn.

## 10.7 Innra mat – sérkennsla

### Styrkleikar

Í leikskólanum Holti er sérkennsla skipulögð út frá hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar þar sem allir eiga jafnan rétt á að taka þátt í skólastarfinu. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika, uppruna, þörfum og hæfileikum sérhvers barns.

Frá byrjun leikskólagöngu er fylgst með þroska og framförum barna og lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun þegar vinna þarf með ákveðna þroskapætti. Öll börn sem eru með fjármagn og fá stuðning eru með einstaklingsnámskrá sem er uppfærð með reglulegu millibili.

Við gerð einstaklingsnámskráa nýta sérkennslustjóri og sérkennari AEPS listann til þess að meta færni barnsins. Þennan vetur hefur einnig verið stuðst við ABLLS-R sem er námskrártengt matstæki sem nýtist til að gera einstaklingsáætlun fyrir 3-9 ára börn sem fá heildstæða snemmtæka atferlisíhlutun vegna einhverfu eða annarra þroskafrávika. Með ABLLS-R er unnt að meta og greina málfærni og aðra þætti er skipta máli fyrir nám barnsins og þátttöku til dæmis við leik, sjálfshjálp og hreyfiathafnir.

Þörfum barna sem eru með stuðning í leikskólanum er mætt innan barnahópsins, gætt er að því að þau einangrist ekki frá barnahópnum og leikurinn sé virtur sem aðalnámsleið barna. Fagleg rök liggja á bak við námsaðferðum það er hvort þörfum barns er mætt í hóp eða unnið með það eitt og sér og þá miðast markmiðin ávallt að yfirfærslu inn í barnahópinn.

Það er faglegt og gott samstarf við Suðurmiðstöð og lausnateymisfundir eru nú haldnir með reglulegu millibili þar sem teymið kortleggur stöðuna og leitar lausna. Tengiliður farsældar í leikskólanum er sérkennslustjóri.





## Tækifæri

Í leikskólanum Holti hefur verið hátt hlutfall barna sem fylgir fjármagn vegna sérþarfa. Næsta vetur verður áhersla á sérkennsluteymi þar sem starfsmenn fara inn á deildir þegar þörf er á og með ákveðin verkefni í huga.

Til þess að starfsfólk deilda sé upplýst og meðvitað um markmið úr einstaklingsnámsskrám og samræmd viðbrögð við erfiðri hegðun verður yfirlitsblað sem fylgir hverju barni. Einnig hvernig er best að styðja við fjölbreyttar tjáskiptaleiðir eins og Tákn með tali, PECS. Að auki að öll börn sem þurfa á myndrænu skipulagi sé í notkun og allt starfsfólk tileinki sér það og skilji tilgang með notkun á því. Næsta vetur (haust 26 og vor 27) verða skipulagðir reglulegir fundir með sérkennsluteymi þar sem sérkennari og sérkennslustjóri fara yfir hvernig gengur og hvað má bæta til þess að hlúa að markmiðum úr einstaklingsnámsskrám.

Áætlað er auk þess að sérkennari og sérkennslustjóri mæti ávallt á deildarfundi. Það verði tekin frá tími til að fara yfir börn sem eru með stuðning. Á fundunum verður farið yfir hvernig gengur og komið með ábendingar og ráðgjöf varðandi það sem þarf að vinna betur með er varðar börn með sérþarfir. Hvernig skal hlúð að markmiðum inn á deild, út frá þátttöku og virkni.

## 10.8 Innra mat - málörvun og fjölmennning

### Styrkleikar

Styrkleikar barna leikskólans Holts er fjölbreyttur tungumála- og menningarbakgrunnur og stuðlað er að inngildingum hvers barns og bakgrunns þess í öllu starfi innan leikskólans og þá sérstaklega í tengslum við mál og læsi. Vegna fjölbreytts tungumála- og menningarbakgrunns barnanna er þungamiðja leikskólastarfsins öflug og markviss málþroska og orðaforðavinna.

Lagt er rík áhersla á fræðslu til starfsfólks um mikilvægi gæðamálörvunnar innan leikskólans. Starfsfólki leggur orð á allar athafnir í daglegu starfi, endurtaka orð og setninga barnanna með rétttri útfærslu svo að börnin heyri rétt talað íslenskt mál.

Börnin í Leikskólanum Holti eiga öll jafnan rétt á menntun og farsælli framtíð þrátt fyrir fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, öll börn sitja við sama borð óháð tungumáli, trú, menningu, kyni og þjóðerni. Við leggjum upp með sterku foreldra samstarfi og nýtum túlka og Brúarsmiði í samskiptum okkar við þau. Brúarsmiðir sinna gríðarlega mikilvægu starfi þar sem þeir byggja brú milli leikskólans og fjölskyldunnar, þar sem foreldrar þurfa oftast er ekki einstakling sem hefur góða innsýn inn í báða menningarheima og getur miðlað upplýsingum á milli. Á haustin eru haldnir fræðslufundir fyrir foreldra barna í Fellahverfi, á þeim fundum er farið yfir mikilvægi góðrar, einfaldrar og virkrar málstefnu heima fyrir sem og innan leikskólans, einnig er foreldrum gefin góð og mikilvæg ráð til þess að styðja við og byggja upp málþroska barnsins. Foreldrar hafa alltaf greiðan aðgang að stjórnendateymi leikskólans ef spurningar eða áhyggju vakna á meðan leikskóladvöl stendur.

Leikskólinn er í samstarfi við leikskólann Ösp og grunnskólann Fellaskóla sem nefnist Mál og læsi í Fellahverfi (MOLF). Samstarfið felur í sér þemavinnu milli skólanna þar sem unnið er eftir fjögurra





vikna fyrir fram ákveðnum þemum með undirþemum sem búin eru til verkefni út frá. Þemun eru byggð á grunnorðaförða sem gott er að byggja ofan á og dýpka samhliða þroska og þekkingu barnanna. Ásamt orðaförða þemanu eru lögð inn málhljóð/bókstafir í samræmi við bókina Lubbi finnur málbeinið og appið Lærum og leikum með hljóðin. Elstu börn leikskólans byrja strax á haustönn að læra K-Pals sem stendur út allt skólaárið. Börnunum er mætt með persónulegri nálgun og fylgst er mjög markvisst með málþroska hvers barns innan skólans. Til þess að hafa góða heildarsýn yfir málþroska barnsins eru lögð fyrir þau málþroskapróf, Efi-2 er lagt fyrir börn á aldrinum 3-4 ára og Hljóm-2 er lagt fyrir börn á aldrinum 5-6 ára. Sem hluti af MOLF samstarfinu eru gerð orðaförðapróf; One Word Expressive Test, MELB og MUB (orðaförða hlutinn) tvisvar sinnum á ári til þess að meta hvar börnin standa og hvar þarf að grípa inn í og veita aukinn stuðning eða íhlutun. Suðurmiðstöð og leikskólar Breiðholts juku stöðugildi Talmeinaræðings um eitt með það að leiðarljósi að koma meira inn á leikskólana í daglegt starf leikskólana í einskona lotum, vera á gólfinu og styðja við starfsmenn. Á Haustin og vorin skilar leikskólinn inn niðurstöðum málþroskaprófa til Suðurmiðstöðvar þar sem þær eru yfirfarðar og leikskólanum veittur sá stuðningur sem þarf til þess að mæta þörfum barnanna. Það getur verið vegna framburðarfrávíks, hljóðkerfisvitundar, orðaförðavinnu og þess háttar.

Lanis er málþroska skimunar listi sem tekinn var til notkunar skólaárið 2025-2026. Listinn er notaður til þess að fá heildarsýn yfir málþroskastöðu barnsins, bæði frá starfsfólki leikskólans sem og foreldrum.

Gefðu 10 er verkfæri sem við notum innan leikskólans til þess að efla íslenskukunnáttu fjöltyngdra barna. Undanfarin ár hefur verið erfitt að innleiða þessa aðferð en með ólíkri nálgun en sama markmiði höfum við náð að innleiða og virkja starfsfólk. Starfsfólk gefur barni 10 mínútur á dag og skráir niður umræðuefni og hversu virkt barnið var í samræðunum. Með þessari aðferð valdeflist starfsmaðurinn í vinnu sinni og er með enn þá skýrari innsýn inn í málþroska barnsins. Starfsmenn hafa talað um framfarir barnanna og sjá betur hvernig best er að ná til þeirra.

Flæðistundir er einskona hringekja milli þriggja deilda í Stóra Holti. Flæðistundirnar eru með það að leiðarljósi að efla málþroska barnanna og styrkja orðaförða sem og sjálfsstæði barnanna. Börnin fara á milli stöðva sem eru uppsettar á mismunandi hátt, ein er með sköpun, önnur með flæðilestur og svo eru stöðvar með markvissar málörvunar/hljóðkerfisvitundaræfingar. Börnin stjórna sjálf hversu lengi eða hvort þeim langi á viðkomandi stöð, en starfsmenn hvetja þau samt sem áður til þess að prófa allar stöðvar.

MOLF foreldrasamstarf er þróunarverkefni sem fór af stað skólaárið 2025-2026. Samstarfið felur í sér að elsti árgangur barnanna í Holti og Ösp fá eina bók með sér heim í hvert skipti þegar nýtt þema byrjar, sem sagt á fjögurra vikna fresti. Bókin er í tengslum við þemað sem er að hefjast. Börnin fá einnig eina K-pals æfingu heim sem þau mega vinna með foreldrum sínum. Börnin þurfa skila bókinni í lok þemans. Hugmyndafræði þessa þróunarverkefnis er að efla lestur barna, auka orðaförða og styrkja málþroska barnanna. Það skemmir ekki fyrir ef gæðastundir foreldris og barns myndist.

## Tækifæri

Tækifæri skólaársins 2026-2027 eru fjölmörg, þátt fyrir að styrkleikarnir séu fjölmargir. Niðurstöður orðaförðaprófanna skólaárið 2025-2026 gefa til kynna að stjórnendateymi þarf að rýna vel í





Þemavinnu sem er að eiga sér stað innan deildanna, þar sem niðurstöður barnanna komu verr út en vonað var. Þemavinnan innan deildanna er gríðarlega mikilvæg en þarf að vera mjög markviss til þess að hún sýni raunverulegan árangur og skili sterkum börnum inn í grunnskólanna. Rýni á þessar niðurstöður verður farið í í byrjun nýs skólaárs og fundnar verða leiðir til að styrkja þessar niðurstöður.

Áfram verður unnið í góðu samstarfi við MOLF og haldnir reglulegir fundir með það að leiðarljósi að styrkja málþroskastöðu barna í Íslensku málumhverfi. Lanis verður áfram unnið og verður lagt fyrir mun markvissara haustið 2026. Gefðu 10 verður einnig áframhaldandi verkefni sem verður nýtt til þess að starfsmenn eigi auknar samræður við börnin og hvetji til aukinnar Íslensku notkunar og orðaforða. MOLF foreldrasamstarfið (bókaverkefnið) verður áfram innan leikskólans og verður bókum dreift til barna, 4 – 7 ára, þannig öll börn á þeim aldri fá bók miða við þroska og getu. Flæðistundirnar munu einnig festast betur í sessi í dagskipulaginu og við munum valdefla starffólk í gegnum þessar stundir, þau fá að stíga út fyrir þægindaramman og styrkjast í starfi sínu með börnunum.

Helsta tækifæri leikskólans Holts er að efla málþroska og gæðamálörvun í öllu okkar starfi og hafa gaman af.

## 10.9 Umbótaáætlun deilda í Stóra-Holti (Hóll, Bakki, Sel) 2026-2027

Hóll, Bakki, Sel 3 – 6 ára	
<b>Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	Matstofa
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Að gefa börnunum tækifæri til að efla sjálfstæði sitt og valdeflast.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Að byrja með matstotu í salnum þar sem börnin læra að gera sem mest af sjálfsdáðum, fá að velja sér sæti, læra að skammta sér sjálf, ganga frá eftir sig, stjórna samræðum sjálf, fara eftir reglum, og nota borðsiði. Að starfsfólk valdefli og hvetji börnin í að efla sjálfstæði sitt.
<b>Ábyrgð</b>	Allt starfsfólk
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	September 2026 – Júní 2027





<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Mánaðarlegir fundir með stjórnendateymi leikskólans þar sem rætt er um hvernig gengur. Einnig fundir á starfsdögum með öllu starfsfólki.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Ræða um framför barnanna, eru þau að skammta sér sjálf, börnin merkja sjálf við hvernig þau borða (er það marktækt), eru þau að ganga frá eftir sig, fara eftir reglum og hafa þau tileinkað sér borðsiði. Starfsfólk ræði saman um hvernig þeim gengur að tileinka sér leiðir til að efla sjálfstæði barnanna.
<b>Hóll, Bakki, Sel 3 – 6 ára</b>	
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	Flæðistundir
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Efla málproska og sjálfstæði barnanna.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Flæðistundir verða aðra hverja viku þar sem börnin fara á milli stöðva þar sem þau vinna mismunandi verkefni.
<b>Ábyrgð</b>	Deildarstjórar og verkefnastjóri málörvunar.
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	September 2026 – Nóvember 2026 Janúar 2027 – Maí 2027
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Deildarstjórar og verkefnastjóri málörvunar ræða á mánaðarlegum þemafundum hvernig gengur og hvað þarf að bæta eða gera öðruvísi.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Aukin orðaforði barnanna og aukið sjálfstæði þeirra. Niðurstöður úr orðaforðaskimunum sem gerðar eru innan leikskólans að hausti og að vori.





	Rætt við börnin í samverustund um áhuga þeirra á verkefnum í flæðistundum og gefa þeim færi að koma með tillögur að breytingum.
--	---

## 10.10 Umbótaáætlun deilda í Litla-Holti (S-Fell, L-Fell, Berg) 2026-2027

Deild/aldur barna	
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	Læsi
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Halda áfram með verkefni síðasta skólaárs.. Meiri málörvun inn í leikinn. Markvissari vinna með þemum, þemaskemu og flétta meiri sköpun inn í málörvun. Endurskoða hópaskiptingu í málörvun. Leggja orð á allar athafnir.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Vinna eftir þemaskemum. Nýta fleiri bækur tengd þemunum. Blanda sterkari og veikari börnum saman í málörvunarhópa. Notað fleiri spil þegar eru málörvunarstundir.
<b>Ábyrgð</b>	Allir starfsmenn.
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Ágúst 2026 – júní 2027.
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Hafa reglulega deildarfundi og ræða hvernig gengur og hvort að það þurfi að bæta eða breyta einhverju. Samtal við börnin (aldursmiðað samtal).

Deild/aldur barna	
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	Sjálfsprottinn leikur





<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Að gefa leiknum meira rými í dagskipulaginu. Hafa efniviðinn aðgengilegan fyrir börnin.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Uppfæra efnivið og skipta börnunum í minni hópa. Aðstoða börn við að koma inn í leik en ekki yfirtaka hann.
<b>Ábyrgð</b>	Allir starfsmenn.
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Ágúst 2026 – júní 2027.
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Hafa reglulega deildarfundi og ræða hvernig gengur og hvort að það þurfi að bæta eða breyta einhverju. Samtal við börnin (aldursmiðað samtal).

<b>Deild/aldur barna</b>	
<b>Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	Sköpun.
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Halda áfram að vinna í sköpun í sambandi við þemu hverju sinni. Nota meiri efnivið úr náttúrinni.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Hafa efnivið aðgengilegan fyrir börnin. Búa til sköpunarhorn/rými inn á deild þar sem efniviðurinn er aðgengilegri fyrir börnin.
<b>Ábyrgð</b>	Allir starfsmenn.
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Ágúst 2026 – júní 2027.
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Hafa reglulega deildarfundi og ræða hvernig gengur og hvort að það þurfi að bæta eða breyta einhverju. Samtal við börnin (aldursmiðað samtal).





Deild/aldur barna	
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	Lýðræði, sjálfstæði, jafnrétti og velferð
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Efla sjálfstæði eldri barnanna með matstofu. Dýpka samskiptin við foreldra. Fá sjónarmið barnanna á starfinu.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Undirbúa vel aðstæður og starfsfólk fyrir matstofu á elstu deildinni. Undirbúa börnin í gegnum leik og samræður.
<b>Ábyrgð</b>	Allir starfsmenn.
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Ágúst 2026 – júní 2027.
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Hafa reglulega sameiginlega fundi og ræða hvernig gengur og hvort að það þurfi að bæta eða breyta einhverju. Samtal við börnin (aldursmiðað samtal).

Deild/aldur barna	
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	Samskiptastefna.
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Að fólk vinni eftir Aðalnámskrá, skólanámskrá og stefnu Holts. Einnig verður meiri áhersla á undirbúning nýrra starfsmanna.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Gefa fólki tíma til að kynna sér fyrrnefnd gögn (nýta undirbúning).Hafa gögnin aðgengileg á deildum og kaffistofum. Minna starfsfólk á að fara eftir þeim.
<b>Ábyrgð</b>	Allir starfsmenn.
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Ágúst 2026 – júní 2027.





<b>Hvenær og hvernig á að meta?</b> <b>Hvaða aðferðir á að nota við matið</b> <b>(t.d. könnun, rýnihópur, fundir,</b> <b>viðtal við börn)</b>	Hafa reglulega deildarfundi og ræða hvernig gengur og hvort að það þurfi að bæta eða breyta einhverju. Vera með rýnihópa og leggja kannanir fyrir starfsfólk.
--	---





## 10.11 Tímarammi 2026-2027 – samstarf leikskóla og grunnskóla

### Tímarammi samstarfsáætlunar 2026-2027



Mánuður	Atburður	Markmið	Ábyrgð og umsjón - Mat og skráning	Þátttakendur	Tími
Septembar	<b>K-PALS stundir hefjast</b>	Leggjja grunn að lestrarmámi elstu barnanna	Deildarstjórar elstu barna	Deildarstjórar	8. sept.
	Skipulagsfundur v/haustannar BB+HH	Að fara yfir samstarfið á haustönn.	Leikskólastjórar og deildarstjórar F - mat á haustönn og tímarammi vorannar	Deildarstjórar F og leikskólastjórar	4. sept.
	Samráðsfundur velja 2-3 sameiginleg lög fyrir Dag ísl. tungu (13. nóv.) og skipuleggja sameiginlegar æfingar. Kynning v/foreldrafunda að hausti.	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð - Upplýsingum miðlað til -verkefnastjóra MOLF	Deildarstjórar HÖ, AE og BB	8. sept.
Sept – okt.	Foreldrafundur á Holti, Ösp og Fellaskóla	Efla sameiginlega foreldrafærslu í hverfinu. Sami fyrirlestur fyrir leik- og grunnskóla. 1.sept (F) 16. 29. 30. sept. (Ö) 22.23.24. sept. 6. 7. 8. okt. (H) kl. 8:30 – 10:00	Stjórnendur og deildarstjóri máls og læsis	Deildarstjórar, Leikskólast. BB og AE	16. sept. – 8. okt.
Sept – okt	Hljóm -2 lagt fyrir elstu börnin í Holt og Ösp Hljómstundir elstu barna hefjast 1. sept.	Fylgjast með hljóðkerfisvitund barnanna í elsta árg.	Deildarstjórar elstu barna	Deildarstjórar	20. sept. – okt.
Október	<b>Orðaforðaprófanir MML / leikskóli skimar</b>	Fylgast með íslenskum orðaforða 3ja til 6 ára barna	MML, verkefnastj. fjölmenningar og deildarstj.	MML og deildarstjórar	Október 2026
	Samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórar HÖ, AE, BB	20. okt.
	1. bekkur heimsækir leikskólana og taka þátt í frjálsum leik.	Að nemendur finni samfellu og öryggi við skólaskiptin. Að kennarar 1. bekkjar kynnist starfi leikskólans	Verkefnastjórar á leikskólunum - Myndir/fréttir á vef miðlað	Deildarstjórar HÖ og kennarar Fellaskóla	21. okt. kl. 10:00
Nóvember	<b>Heimsóknir milli leikskóla + 1. b. F</b> Börnin hittast og syngja saman lög fyrir Dag íslenskrar tungu – Ákveða dagsetn og tíma 8.sept. Tvö lög – amk. annað m/hreyfingu – annað m/1 bekk	Að verðandi skólafélagar kynnist og skapi tengsl	Deildarstjórar HÖ + deildarstjóri máls og læsis F - Myndir/fréttir á vef miðlað	Deildarstjórar	26. okt. – 13. nóv. (3 X)
	<b>Dagur íslenskrar tungu</b> Leikskólabörn af báðum leikskólum syngja saman í athöfn í Fellaskóla	Að leikskólabörnin kynnist grunnskólanum betur.	Stjórnendur og deildarstjórar - Myndir/fréttir á heimasíðu	Deildarstjórar	16. nóv. kl. 10:00
	Niðurstöður námsmats í 1. bekk og Hljóm	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstj. HÖ, AE, BB og KG Stjórn. skóla	17. nóv.
Desember	<b>Helgileikur</b> Leikskólabörnunum boðið á generalprufu á helgileik í skóla og í heimsókn inn í 6. b.	Að leikskólabörnin kynnist grunnskólanum enn betur og finni til öryggis þar.	Verkefnastjórar HÖF - Myndir/fréttir á heimasíðu á vef (Vala)	Deildarstjórar	17. des.
Janúar	Skipulagsfundur v/vorannar BB+HH	Að meta samstarfið á haustönn.	Leikskólastjórar og deildarstjórar F - mat á haustönn og tímarammi vorannar	Deildarstjórar F og leikskólastjórar	8. janúar
Febrúar	Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórar	9. febrúar
	Leikskólabörn koma í smíðjur	Að kynna húsnaði grunnskólans og starfsemi. Að leikskólabörnin finni öryggi við skólaskiptin. Að kennarar leikskóla kynnist grunnskólastarfinu.	Verkefnastjórar HÖF - Myndum og fréttum miðlað	Deildarstjórar	18. og 25. feb. kl. 10:00
Mars	Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórar	16. mars
	Hljóm – 2 – endurmat – elstu börnin – allir.	Fylgjast með framförum hljóðkerfisvitundar hjá elstu börnunum	Deildarstjórar elstu barna	Deildarstjórar	30. mars – 30. apríl
Apríl	<b>Orðaforðaprófanir MML / leikskóli skimar</b>	Fylgast með íslenskum orðaforða 3ja til 6 ára barna	MML, verkefnastj. fjölmenningar og deildarstj.	MML	Apríl 2027
	Lestur í leikskólum Nemendur í 5. bekk lesa á ýmsum tungumálum (Íslenska + móðurmál) í leikskóla og sameiginleg útivera eftir lestur	Að miðla góðum fyrirmyndum til yngri barnanna og stýðja við virkt tvítyngi	Deildarstjórar í Fellaskóla - Myndum og fréttum miðlað	Deildarstjórar	7. apríl 2027
Mai	Skipulagsfundur v/haustannar BB/HH Leikskólastjórar, deildarstjórar Fellaskóla	Að meta samstarfið á árinu, horfa til framtíðar.	Leikskólastjórar og deildarstjórar F - mat á vorönn og tímarammi haustannar	Deildarstjórar F og leikskólastjórar	12. maí 2027

	<b>3 daga vorskóli og kynning fyrir foreldra</b> Börnun utan hverfis og foreldrum boðið í heimsóknina	Að börnin kynnist fjölbreyttu starfi skólans og finni til öryggis við skólaskiptin. Að verðandi kennarar 1. b. kynnist nem. og þeir hver öðrum. Að kennarar leikskóla kynnist grunnskólastarfinu.	Deildarstjóri Fellaskóla - Myndum og fréttum miðlað	Deildarstjóri F	19. - 21. maí 2027
	Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórar	25. maí 2027
	Útskrift leikskólabarna í hátíðarsal Fellaskóla Holt og Ösp Kl.14:30	Fer fram í Fellaskóla til að mynda tengingu milli skólástiga.		Leikskólastjórar Brynja + stjórnandi úr F.	28. maí 2027
	Skilafundur milli leik- og grunnskóla og frístundar	Að skapa samfellu milli leik- og grunnskóla og að allar nauðsynlegar upplýsingar fylgi milli stiga.	Deildarstjóri yngra stígs Fellaskóla	Deildarstjórar elstu deilda	Seinni hluti maí 2027

Ljósblár	Heimsóknir nemenda í leikskóla
Appelsínugulur	Heimsóknir barna á skóla
Grænn	Samráð starfsmanna
Bleikur	Skimanir og íhlutun í leikskóla





## 10.12 Leikskóladagatal Holts 2026-2027

		Leikskóladagatal 2026 - 2027												Leikskólinn Holt																		
		AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRIL		MAÍ		JUNÍ		JÚLÍ								
1	L			1	F	1	S	1	S	1	F	1	M	1	M	1	M	1	F	1	L	Verakvöldsdagurinn	1	P								
2	S		2	M		2	M		2	M		2	P		120	2	P		2	S		2	S		2	M		2	F			
3	M	F	3	F		3	L		3	S		3	S		3	M		3	L		3	M		3	F		3	L	3	L		
4	P	S	4	F		4	S		4	M	Svarfisdagur HÖF	4	F		4	F		4	S		4	P		4	F		4	F	4	S		
5	M	S	5	L		5	M		5	L		5	P		5	L		5	M		5	M		5	L		5	L	5	M		
6	F	S	6	S		6	S		6	S		6	S		6	S		6	L		6	F	Uppstigningardagur	6	S	Sjómanna dagurinn	6	P	6	P		
7	F	S	7	M		7	L		7	M		7	F		7	S		7	S		7	M		7	M		7	M	7	M		
8	L	P	8	F		8	P		8	P	Bærítudagur gegn Sierelli	8	F		8	M		8	M		8	L		8	P		8	P	8	F		
9	S		9	M		9	M		9	M		9	L		9	L		9	P		9	S		9	M		9	M	9	F		
10	M	S	10	L		10	L		10	F		10	S		10	M		10	M		10	M		10	M		10	F	10	L	10	L
11	P		11	F		11	S		11	M	11. F. Aðventukaffi foreldra	11	M		11	F		11	F		11	P		11	P		11	F	11	S	11	S
12	M		12	L		12	L		12	L		12	P		12	F		12	F		12	M		12	L		12	M	12	L	12	M
13	F		13	S		13	P		13	M		13	M		13	L		13	L		13	L		13	F		13	S	13	P	13	P
14	F		14	M		14	M		14	L		14	L		14	S	Dagur stærðfræðna	14	M		14	F		14	F		14	M	14	M	14	M
15	L		15	P		15	S		15	P		15	F		15	M		15	M		15	F		15	L		15	P	15	P	15	F
16	S		16	M		16	F		16	M	Dagur íslenskrar tungu	16	L		16	P		16	P		16	F		16	F		16	M	16	F	16	F
17	M		17	F		17	P		17	P		17	S		17	M		17	M		17	L		17	L		17	M	17	L	17	L
18	P		18	F		18	M		18	M		18	M		18	F		18	F		18	P		18	P		18	F	18	F	18	S
19	M		19	L		19	M		19	P		19	P		19	F		19	F		19	M		19	M		19	L	19	L	19	M
20	F		20	S		20	P		20	S		20	M		20	L		20	L		20	P		20	P		20	S	20	S	20	P
21	F		21	M		21	L		21	L		21	F		21	S	Konudagur - upphaf	21	S		21	M		21	M		21	F	21	M	21	M
22	L		22	P		22	S		22	S		22	F		22	M	Böndudagur - upphaf Þorra	22	M		22	M		22	L		22	L	22	L	22	L
23	S		23	M		23	M		23	M		23	L		23	P	Skráningardagur	23	P		23	M		23	M		23	S	23	M	23	M
24	M		24	F		24	P		24	P		24	S		24	M		24	M		24	L		24	L		24	L	24	L	24	L
25	F		25	F		25	M		25	M		25	M		25	F		25	F		25	S		25	F		25	F	25	F	25	S
26	M		26	L		26	L		26	F		26	P		26	F		26	F		26	M		26	L		26	L	26	L	26	M
27	F		27	S		27	P		27	F		27	M		27	L		27	L		27	P		27	F		27	F	27	F	27	P
28	F		28	M		28	L		28	L		28	F		28	S		28	S		28	M		28	M		28	M	28	M	28	M
29	L		29	P		29	S		29	S		29	F		29	F		29	F		29	F		29	L		29	L	29	L	29	F
30	S		30	M		30	M		30	M		30	L		30	M		30	M		30	P		30	S		30	M	30	M	30	F
31	M		31	M		31	L		31	M		31	S		31	M		31	M		31	M		31	M		31	M	31	M	31	L



15.06.2026

f. h. leikskólans Holts Reykjavík

Kveðja / Regards,

**Halldóra B. Gunnlaugsdóttir, leikskólastjóri / principal**

**Leikskólinn Holt / Holt preschool**

**Völvufelli 7-9**

**111 Reykjavík**

**[holt@reykjavik.is](mailto:holt@reykjavik.is) / [halldora.bjorg.gunnlaugsdottir@reykjavik.is](mailto:halldora.bjorg.gunnlaugsdottir@reykjavik.is)**

**411-3330 / 693-9882**





## 10.13 Umsögn foreldraráðs

### Starfsáætlun 2026 – 2027 Leikskólinn Holt



### Umsögn foreldraráðs

#### Foreldraráð leikskólans skipa:

Hildur Rún Sigurðardóttir Kvaran  
Gyða Dröfn Hannesardóttir





## Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

**Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?**

Já að mínu mati er gott samræmi

**Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?**

Já, mjög skýr og aðgengileg

**Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?**

Já

**Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?**

Engar sérstakar athugasemdir, en vil hrósa starfsfólki leikskólans fyrir vel unnin störf

**Fulltrúar í foreldraráði: Hildur Rún Sigurðardóttir Kvaran og Gyða Dröfn Hannesardóttir**

**Undirskrift fulltrúa í foreldraráði**

Hildur Rún Kvaran

Gyða Dröfn





## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní**. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; [sfs@reykjavik.is](mailto:sfs@reykjavik.is)





## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



